



Drög lögð fram í velferðarráði 4. september 2019

DRÖG að Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Reykjavík

Á grundvelli 29 gr.laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr.40/1991 og 25.gr.laga um málefni aldraðra nr.125/1999.

1.gr.

Greiðslur

Notandi heimaþjónustu sem fær þjónustu vegna þrifa á heimili sínu greiðir kr. ~~1.235~~ 1.270 fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma. Gjaldið er endurskoðað árlega.

Önnur félagsleg heimaþjónusta, þ.e. umönnunarþjónusta á dagvinnutíma og kvöld- og helgarþjónusta er endurgjaldslaus.

2.gr.

Undanþága frá greiðslu / lækkun greiðslu

Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir notendur sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði TR eða þar undir. Árið 2019 er framfærsluviðmiðið kr. ~~300.000~~ 310.800 fyrir þá sem búa einir og eru með heimilisuppbót og kr. ~~238.594~~ 247.183 fyrir þá sem búa með öðrum.

Upphæðir munu hækka í samræmi við hækkanir á bótum almannatrygginga.

Þeir notendur heimaþjónustu sem hafa tekjur umfram tekjur frá TR eða samsvarandi fjárhæð, greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

Þjónusta umfram 6 vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

3.gr.

Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu

Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu á greiðslu notenda heimaþjónustu er tekin af starfsmanni þjónustumiðstöðva og skal lögð fyrir fund matshóps til afgreiðslu.

4.gr.

Málskot

Ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimaþjónustu má skjóta til velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en 4 vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun velferðarráðs má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála Hafnarhúsínu við Tryggvagötu. Skal það gert eigi síðar en 4 vikum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

5.gr.

Gildistaka

Samþykkt í borgarstjórn xx

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2020.